



Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir
og Jóhanna Einarsdóttir

Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda

► Um höfunda ► Efnisorð

Markmið rannsóknarinnar sem sagt er frá í greininni er að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til þess á hvaða aldri sé best fyrir börn að byrja í leikskóla og hversu marga tíma sé æskilegt að þau dvelji þar dag hvern. Greinin byggir á tveimur spurningum af 30 sem lagðar voru fyrir í könnun sem send var til allra leikskóla landsins veturinn 2011–2012. Notaður var listi, þýddur og staðfærður, sem áður hafði verið lagður fyrir kennara og leiðbeinendur í norskum leikskólum. Rannsóknin er samvinnuverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (RannUng), Háskólans í Volda og Háskólans í Ósló.

Fram kemur í svörum við spurningunum tveimur að lítill munur er á viðhorfum íslenskra leikskólakennara og leiðbeinenda til leikskólabyrjunar og lengdar dvalartíma barna. Þegar niðurstöður eru bornar saman við hvernig staðan er í raun sést annars vegar að samræmi er á milli viðhorfs starfsfólks til þess hvenær best sé fyrir börn að hefja leikskólagöngu og hvenær þau hefja hana í raun en hins vegar dvelja eins og tveggja ára börn mun lengur daglega í leikskólum en starfsfólkið telur æskilegt.

Niðurstöðurnar eru meðal annars ræddar í ljósi af erlendum rannsóknum á langtímaáhrifum leikskóladvalar á þroska og nám barna og niðurstöðum í svörum við sömu spurningum í norsku spurningakönnuninni.

When should children begin in preschool, and how long should they stay each day? Views of preschool teachers and preschool assistants

► About the authors ► Key words

In Iceland, 83 percent of children from one to five years of age attend preschools, and the percentage has never been higher. Further, the number of hours each day that children stay at preschool has been gradually rising (Statistics Iceland,

2013). This reality has activated a discussion, not least within preschools, in which the focus has been on the children's well-being, both because of the long days they spend there as well as the large number of children in preschool age divisions or groups.

The aim of this study is to examine and compare the views of preschool teachers and preschool assistants about the age at which children should start their preschool education and how long they should stay there each day. The study is part of a collaborative project with the University of Iceland, the University of Volda, and the University of Oslo, with both Icelandic and Norwegian preschool teachers and assistants participating in the survey.

Data were gathered through a questionnaire sent to all preschools in Iceland during the 2011–2012 school year. Two questionnaires were used, one for the preschool teachers and another for the assistants. Staff members without preschool teacher education were categorized as assistants. The questionnaires, which were translated from Norwegian, had the same questions, aside from those relating to background information. The article is based on two out of 30 questions in the questionnaire. The answers of the preschool teachers and those of the assistants were compared.

The findings indicate that preschool teachers and assistants have similar views about when children should begin to attend preschool. About 30 percent thought that children should be one year old when they start preschool. When compared to the findings of the Norwegian study, 53 percent of Norwegian preschool teachers and assistants thought that children should start preschool at one year old. Most of the Icelandic and Norwegian participants thought that children should have started preschool by the age of two years.

About 77 percent of Icelandic preschool teachers and 84 percent of assistants thought that children up to three years old should stay 4 to 6 hours or less in preschool. There the difference between teachers and assistants was statistically significant, although it was small. Similarly, 23 percent of preschool teachers and 16 percent of assistants thought that the children should stay 6 to 8 hours or longer. When compared to the findings of the Norwegian study, the percentage of those who thought that children should stay 4 to 6 hours or less was higher, or 52 percent, and the percentage of those who thought the children should stay 6 to 8 hours was lower, or 42 percent.

When focusing on the Icelandic participants, it is obvious that there is consistency between the opinions of the preschool teachers and those of the assistants. When comparing the answers to the reality, it can be seen that there is consistency in the views regarding the age to start preschool, but the number of hours children spend a day in preschools is much longer than preschool staff consider desirable.

According to Løvgren and Gulbrandsen (2012), the preschool staff in the Norwegian study were apparently more skeptical of the present supply of day cares than were the parents who use these services. The findings of the study are discussed further in light of research findings on the long-term effects of staying at preschool and the quality of preschools on children's development and education.

Inngangur

Langflest íslensk börn dvelja nú í leikskólum og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt undanfarna áratugi. Í desember 2012 dvöldu 83% barna á aldrinum eins til fimm ára í leikskólum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra (Hagstofa Íslands, 2013). Ef þessar tölur eru bornar saman við Noreg þá dvöldu 90% eins til fimm ára barna í leikskólum árið 2012 (Statistisk sentralbyrå, 2013a) og er hlutfallið því hærra þar.

Árið 2012 sóttu nær öll tveggja ára börn á landinu leikskóla eða 95% og um 32% eins árs barna (Hagstofa Íslands, 2012b). Fjölgun yngstu barnanna hefur orðið kveikja að miklum umræðum á undanförunum mánuðum, ekki síst í skólunum sjálfum, um hvort tryggt sé að langur dvalartími („Langur vinnudagur hjá ungu barni“, 2013) og mikill fjöldi barna á deildum hafi ekki slæm áhrif á líðan barnanna. Þegar rætt er um hversu löngum tíma börnin verja daglega í leikskólum hefur meðal annars verið vitnað í bók Sæunnar Kjartansdóttur (2009) þar sem fram kemur að leikskóladvöl geti jafnvel verið óholl og haft slæm áhrif á tengslamyndun foreldra og barna. Sæunn segir í inngangi bókar sinnar að umræðan um þarfir ungra barna hafi verið á forsendum hinna fullorðnu og tekið mið af því að báðir foreldrar komist til vinnu:

Þvert á móti þykir við hæfi að vista börn frá eins árs aldri á stofnunum sem oft eru reknar með eins fáu starfsfólki og komist verður af með. Hluti þess uppfyllir einungis lágmarkskröfur um hæfni og þiggur fyrir lúsarlaun. Efasemdir um að þetta fyrirkomulag fullnægi þörfum ungra barna heyrast varla, þær eru iðulega afgreiddar sem afturhaldssemi sem sendi konurnar aftur inn á heimilin og tefli jafnrétti kynjanna í tvísýnu. (Sæunn Kjartansdóttir, 2009, bls. 10)

Í umræðu um skaðsemi langrar leikskóladvallar hefur jafnframt verið vitnað til rannsókna erlendra fræðimanna (sjá meðal annarra Ahnert, Gunnar, Lamb og Barthel, 2004) þar sem sjónum hefur verið beint að hækkun kortisólmagns hjá börnum sem mælikvarða á álag þeirra og streitu. Einnig hefur verið bent á að íslenskur raunveruleiki sé með þessum hætti, vinnutími foreldra sé langur og þar með dvalartími barna í leikskólum og gera eigi eins vel og hægt er við þær aðstæður. Ávinningur af leikskóladvöl yngstu barnanna geti einnig verið mikill.

Eins og fram kemur í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) skal velferð og hagur barna höfð að leiðarljósi, veita skal þeim umönnun og menntun, hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði. Í reglugerðum og *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er síðan skilgreint betur hvernig þessir þættir skulu tryggðir. Sveitarfélögum er ætlað að hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og þau bera einnig ábyrgð á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélaginu (*Lög um leikskóla nr. 90/2008*). Engin ákvæði eru í lögum eða reglugerðum um aldur barna þegar þau hefja leikskólagöngu og misjafnt er eftir sveitarfélögum hvenær hún hefst. Í reglugerð um starfs-umhverfi leikskóla (nr. 655/2009) kemur á hinn bóginn fram ákvæði um lengd dvalartíma barna en þar segir í 8. grein: „Starfsemi og skipulag leikskólastarfs skal taka mið af aldri, þörfum og hagsmunum barna með sérstöku tilliti til daglegs dvalartíma. Æskilegt er að dvalartími barna í leikskóla sé að jafnaði ekki lengri en níu klst. á dag.“ Þeirrar skoðunar hefur gætt hjá leikskólastjórum og leikskólakennurum að þetta viðmið sé of hátt og jafnframt að fjöldi barna á leikskóladeildum sé of mikill (Arna H. Jónsdóttir, 2012).

Í þessari grein er sjónum beint að viðhorfum íslenskra leikskólakennara og leiðbeinenda til leikskólabyrjunar barna og lengdar dvalartíma. Í þeim tilgangi var spurningakönnun lögð fyrir hópana þar sem leitað var svara við því hver sé æskilegur aldur barna við upphaf leikskólagöngu og hversu langan tíma börn eigi að dvelja dag hvern. Markmiðið var að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda í þessum efnum, meðal annars

vegna þeirrar umræðu sem verið hefur undanfarið hér á landi um málefni yngstu barnanna. Þá er átt við eins og tveggja ára börn.

Hlutfall barna af árgangi í leikskólum og dvalartími þeirra

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hlutfalli barna af hverjum aldursárgangi sem dvelur í leikskólum, leitað er mögulegra skýringa á því hvers vegna það hlutfall hefur hækkað og gerð grein fyrir breytingum á dvalartíma barna á tólf ára tímabili.

Hlutfall barna í hverjum árgangi sem dvelur í leikskólum hefur hækkað jafnt og þétt á síðastliðnum árum, ekki síst hlutfall eins og tveggja ára barna. Í *Töflu 1* sést hver þróunin hefur verið frá árinu 2000 til ársins 2012.

Tafla 1 Hlutfall barna af hverjum aldursárgangi sem dvelur í leikskólum árin 2000 og 2012		
	Hlutfall árið 2000	Hlutfall árið 2012
1 árs	10%	32%
2 ára	54%	95%
3 ára	89%	96%
4 ára	92%	97%
5 ára	91%	95%

Hagstofa Íslands (e.d.-c)

Nærtækast er að leita skýringa á hækkun hlutfalls yngstu barnanna í leikskólum með því að skoða þróun á atvinnuþátttöku og vinnutíma karla og kvenna á svipuðu árabili. Miðað við þá aldurshópa sem Hagstofa Íslands notar í talnaefni sínu kemst hópurinn karlar og konur 25–54 ára næst þeim aldurshópi sem á börn í leikskólum. Viðeigandi tölur frá árinu 2000 fundust ekki og eru því notaðar tölur um þessa þætti frá árunum 2003 og 2012.

Árið 2003 var atvinnuþátttaka karla á þessum aldri 94,7% (atvinnuleysi þar af 2,4%) og kvenna 88,1% (atvinnuleysi þar af 2,5%). Karlar í fullu starfi (35 stundir eða meira) voru um 95% og konur um 67,6%. Meðalvinnutími karla var tæplega 50 stundir og kvenna 37,3 stundir (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Árið 2012 var atvinnuþátttaka karla á þessum aldri 92,3% (atvinnuleysi þar af 4,8%) og kvenna 86,1% (atvinnuleysi þar af 4,4%). Karlar í fullu starfi voru um 92% og um 73% kvenna. Meðal vinnutími karla var 46,4 stundir og kvenna 37,5 stundir (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Í *Töflu 2* sést hver þróunin hefur verið frá árinu 2003 til 2012 í aldurshópi 25–54 ára karla og kvenna.

Tafla 2 Atvinnuþátttaka og vinnutími 25–54 ára karla og kvenna árin 2003 og 2012		
	Hlutfall árið 2003	Hlutfall árið 2012
Atvinnuþátttaka karla	94,7% (atv.l. 2,4%)	92,3% (atv.l. 4,8%)
Atvinnuþátttaka kvenna	88,1% (atv.l. 2,5%)	86,1% (atv.l. 4,4%)
Karlar í fullu starfi	95%	92%
Konur í fullu starfi	67,6%	73%
Meðalvinnutími karla	49,4 klst.	46,4 klst.
Meðalvinnutími kvenna	37,3 klst.	37,5 klst.

Hagstofa Íslands (e.d.-a)

Athyglisvert er að atvinnuþátttaka karla og kvenna er hlutfallslega minni árið 2012 en 2003, atvinnuleysi er meira og því hlutfallslega færri á vinnumarkaði. Vinnudagur karla hefur styst og atvinnuleysi aukist en þeir þættir virðast ekki hafa áhrif á lengd leikskóla-dvalar barnanna. Hlutfall kvenna í fullu starfi hefur aukist um rúm 5% á þessu árabili, sem sannarlega hefur áhrif á lengd dvalartíma barna í leikskólum, en hlutfall þeirra í fullu starfi helst svipað á þessu 12 ára tímabili. Það eru því mögulega fleiri skýringar á því að yngstu börnunum hefur fjölgað í leikskólum á þessu tímabili en atvinnuþátttaka og vinnutími for-eldra. Til að mynda eru fleiri konur en karlar í námi á framhalds, háskóla- og doktorsstigi (Hagstofa Íslands, 2012a). Jafnframt má gera ráð fyrir að foreldrar telji leikskóla góðan menntunarkost fyrir börn sín og velji hann fremur en dvöl hjá dagmóður eða ættingja. Áhugavert er að kryfja þessi mál ítarlegar en gert er í þessari grein.

Jafnhliða þessari þróun lengist dvalartími barna í leikskólum, ekki síst yngstu barnanna. Í *Töflu 3* sést hversu mikið dvalartími barna hefur aukist frá árinu 2000 til ársins 2012.

Tafla 3 Dvalartími barna í leikskólum árin 2000 og 2012				
Dvalartími barna	9 tímar eða lengur	7 til 8 tímar	5 til 6 tímar	4 tímar
Árið 2000				
0–2 ára	19,1%	32,7%	25,8%	22,4%
3–5 ára	25%	29,6%	26%	19,4%
Árið 2012				
0–2 ára	26,6%	63,5%	7,8%	2,1%
3–5 ára	30,6%	62%	6,6%	0,8%

Hagstofa Íslands (e.d.-b)

Á þessum tölum sést að rúmlega 90% barna í öllum aldurshópum dvelja 7 tíma eða lengur í leikskólum árið 2012. Fram kemur í *Skólaskýrslu 2012* (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2012) að hér sé um keypta vistunartíma að ræða en ekki raundvalartíma en ekki fundust tölur um hann í opinberum gögnum. Árið 2011 var vegið meðaltal dvalartíma barna í leikskólum sveitarfélaga tæplega átta stundir á dag. Einnig kemur fram að tengsl séu á milli stærðar sveitarfélaga og dvalartíma barnanna. Í minnstu sveitarfélögunum er hlutfall barna, er dvelur 4 klukkustundir á dag í leikskólum, um 5% en það hlutfall fer lækkandi eftir því sem sveitarfélögin eru stærri. Í Reykjavík er hlutfall barna, er dvelur í leikskólum í 9–10 klukkustundir, hæst eða 35% en í minnstu sveitarfélögunum er það um 17%.

Hlutfall barna af árgangi og dvalartími þeirra í norskum leikskólum

Spurningakönnunin sem grein þessi byggir á var áður framkvæmd í Noregi og því er upplýsandi fyrir lesandann að fá að vita um leikskólabyrjun og dvalartíma barna í norskum skólum, ekki síst þar sem íslensku niðurstöðurnar verða bornar saman við þær norsku í samantekt og umræðum. Svipuð þróun hefur verið í Noregi og á Íslandi bæði hvað varðar fjölgun barna í leikskólum og lengd dvalartíma þeirra. Í *Töflu 4* sést hlutfall norskra barna af hverjum aldursárgangi sem dvelur í leikskólum á árinu 2000 og 2012 (Statistisk sentralbyrå, 2013a, e.d.-a).

Tafla 4 Hlutfall norskra barna af aldursárgangi sem dvelur í leikskólum árin 2000 og 2012		
	2000	2012
1 og 2 ára	37,7%	80,2%
3–5 ára	80%	96,6%

Statistisk sentralbyrå (2013a, e.d.)

Til samanburðar þá er hlutfall eins og tveggja ára íslenskra barna af aldursárgöngum 63,5% og þriggja til fimm ára 96%. Hlutfall yngstu barnanna er því hærra í Noregi en á Íslandi.

Dvalartími yngstu barnanna í norskum leikskólum árið 2012 er einnig nokkuð lengri en á Íslandi, eins og sést í *Töflu 5* (Statistisk sentralbyrå, 2013b). Birting talna á Íslandi og í Noregi er ekki alfarið sambærileg og norsku tölurnar taka mið af vikulegri dvöl barna í leikskólum á meðan þær íslensku miðast við daglegan dvalartíma.

Tafla 5 Dvalartími norskra barna í leikskólum árið 2012					
Dvalartími barna	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
41 tími eða lengur á viku	89%	90%	91%	90,6%	91%
33–40 tímar á viku	4%	4,1%	4%	4,5%	4,7%
25–32 tímar á viku	5%	4,6%	4,2%	4,1%	3,3%
24 tímar á viku eða færri	2%	1,3%	1%	0,8%	1,0%

Statistisk sentralbyrå (2013b)

Á þessum tölum sést að 90% barna í öllum aldurshópum dvelja 8 tíma eða lengur í norskum leikskólum árið 2012 á meðan um 90% íslenskra barna dvelja 7 tíma eða lengur í leikskólum dag hvern.

Viðhorf leikskólakennara og foreldra til leikskólabyrjunar og dvalartíma barna

Í rannsókn Örnú H. Jónsdóttur (2012) á faglegu hlutverki, forystu og sjálfsmynd leikskólakennara var rætt við, stjórnámálamenn, leikskólaráðgjafa, skólastjóra, leikskólakennara, leiðbeinendur og foreldra. Niðurstöður leiddu í ljós að allir þessir aðilar báru hag og réttindi barna mjög fyrir brjósti þótt áherslur þeirra bæru þess merki í hvaða stöðu þeir voru. Í viðtölunum kom fram mikil áhersla á að aðstæður barna þyrftu að breytast, móta þyrfti skýra fjölskyldustefnu, fæðingarorlof þyrfti að lengjast og vinnutími foreldra að stytast. Börn kæmu þannig eldri inn í leikskóla og daglegur dvalartími þeirra yrði styttri. Viðmælendum í leikskólum fannst jafnframt ólíðandi að börnin þyrftu að dvelja í allt of stórum hópum allan daginn. Þær aðstæður hlytu að hafa slæm áhrif á tengslamyndun foreldra og barna og leiða til álags og streitu. Leikskólastjórar beittu sér ekki síst fyrir því að leikskólarnir yrðu opnir í afmarkaðan tíma og að foreldrar þyrftu að borga hærra dvalargjald fyrir níunda dvalartíma barnanna.

Fleiri niðurstöður rannsókna á Norðurlöndum (m.a. Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009; Gullöf, 2006; Johansen, 2009) benda til þess að kennarar hafi áhyggjur af dvalartíma barna í leikskólum og tengi hann við langan vinnudag foreldra. Börnin séu útkeyrð í lok dags, þau þurfi að dvelja skemur í leikskólum og verja meiri tíma almennt með foreldrum sínum. Rök kennaranna tengjast því bæði leikskólunum og aðstæðum þar og einnig aðstæðum fjölskyldna og þeim tíma sem börn og foreldrar verja saman.

Hvað varðar rök tengd leikskólanum þá töldu flestir leikskólakennarar í rannsókn Johansen (2009) að eins og tveggja ára börn ættu ekki að dvelja lengur en 6 tíma í leikskólanum en eldri börn gætu dvalið lengur. Of mörg börn á deildum geti auk þess haft slæm áhrif á þau valdið streitu og kalli á mikla skipulagningu (sjá einnig Örnú H. Jónsdóttur, 2012). Rök leikskólakennara tengd fjölskyldunni og aukinni samveru foreldra og barna álitur Johansen (2009) vera í umvöndunartóni (e. *blame-the-parents*) og í því komi fram mat leikskólakennara á hæfi foreldra. Þeir foreldrar sem verji miklum tíma með börnum sínum séu „hæfari“ en þeir sem láta börn sín dvelja mjög lengi í leikskólum. Johansen (2009) telur að hægt sé að tengja þessi viðhorf leikskólakennara tengslakeningum og þroskasálfræðilegum áherslum svo og hugmyndum um hina góðu bernsku (n. *den gode barndom*) þar sem horft sé á heimilið sem himnaríki í hörðum heimi (Johansen, 2009, bls. 100, 108).

Foreldrar virðast jafnframt vera óöryggir um hvernig þeir eiga að haga sér þegar kemur að því að ákvarða um lengd dvalartíma barnanna. Fram kom í niðurstöðum rannsókna Gullöf (2006) meðal danskra foreldra að þeir voru hræddir um að ef barnið dveldi of lengi í leikskólanum myndi það hafa neikvæð áhrif á tilfinningalega líðan þess en jafnhliða óttuðust þeir að of stutt dvöl hefði neikvæð áhrif á þróun samskipta við önnur börn. Í niðurstöðum Önnu Magneu Hreinsdóttur (2009) kom fram að foreldrar hefðu samviskubit þegar þeim fyndist börn þeirra dvelja lengi í leikskólanum. Sigrún Júlíusdóttir (2001) talar um að „mishröðun“ sé í samfélaginu þegar ytri aðstæður þróast örur en einstaklingar og fjölskyldur fá við ráðið:

Mishröðun milli ytri og innri þróunarferla verður augljós og þegar hugmyndir tveggja tíma bæði togast á og stangast síðan á við veruleikann, getur orðið erfitt að fóta sig, átta sig í breyttum og jafnvel nýjum hlutverkum og kunna tök á tilverunni. (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 34)

Hugsanlega er þróunin „úti í þjóðfélaginu“, ekki síst í kjölfar efnahagshrunsins, hraðari en sú sem tengist gildum og viðhorfum einstaklinga og fjölskyldna um æskilega samveru foreldra og barna „inni á heimilum“. Í niðurstöðum *The International Social Survey Programme* um fjölskyldulíf og breytt kynhlutverk (Kolbeinn Stefánsson, 2008) virðast árekstrar heimilis og vinnu vera með mesta móti á Íslandi í samanburði við aðrar vest-rænar þjóðir. Vinnan virðist jafnframt þrengja meira að heimilum en heimilið að vinnunni. Í næsta kafla verður hugað að því hvernig yngstu leikskólabörnunum reiðir af í þeim veruleika.

Langtímarannsóknir á áhrifum leikskóladvalar á börn

Tvenns konar sjónarmið hafa fram til þessa legið að baki langtímarannsóknum á áhrifum leikskóladvalar á börn. Annars vegar hafa rannsakendur áhyggjur af því að löng dvöl ungra barna geti rofið tengslamyndun barna og foreldra og leitt til hegðunarerfiðleika síðar meir (Belsky, 1986, 1988). Hins vegar liggur til grundvallar það sjónarmið að leikskólamenntun efli félagslega hæfni og getu barna til náms á síðari skólastigum og sé hluti af ævilöngu námi þeirra (meðal annarra Ahnert og Lamb, 2011). Í umfjölluninni sem hér fer á eftir er talað um ung börn þar sem rannsóknirnar taka til leikskólabarna en beinast ekki einvörðungu að eins og tveggja ára börnum.

Vandell, Belsky, Burchinal, Steinberg og Vandergift (2010) telja að ýmsar rannsóknar- niðurstöður styðji bæði sjónarmiðin. Þær hafi sýnt fram á að dvöl í mjög góðum leikskólum geti aukið félags- og vitsmunalegan þroska og getu til náms, ekki síst hjá börnum sem koma úr erfiðum félagslegum aðstæðum. Á hinn bóginn, og þar vísa þau til áherslna á fyrra sjónarmiðið, hafi niðurstöður rannsókna sýnt fram á að löng leikskóladvöl ungra barna geti haft neikvæð áhrif á félags- og tilfinningaþroska þeirra og haft í för með sér félagsleg hegðunarvandkvæði. Þau birtist m.a. í óhlýðni og árásarhneigð við upphaf grunn- skólagöngu (NICHD Early Child Care Research Network, 2003, 2006) og síðar á grunn- skólaárunum (Belsky, Vandell, Burchinal, Clarke-Stewart, McCartney og Owen, 2007). Vandell og fleiri (2010) telja sig einnig hafa fundið fylgni milli langrar leikskóladvalar ungra barna og áhættuhegðunar þegar þau voru orðin 15 ára. Umræddar rannsóknir hafa flest- ar verið framkvæmdar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku þar sem fæðingarorlof er þrjú mán- uðir án launa og í kjölfarið fara margir foreldrar aftur út á vinnumarkaðinn og börnin ýmist til dagmóður eða í leikskóla.

Norrænar rannsóknir hafa ekki sýnt sömu niðurstöður um neikvæð tengsl félags- og til- finningaþroska og leikskóladvalar ungra barna (sjá meðal annarra Campbell, Lamb og Hwang, 2000 og Bohlin, Hagekull og Anderson, 2005). Niðurstöður Bohlin og félaga (2005) sýndu þvert á móti að dvöl eins til fjögurra ára barna í leikskólum hafði jákvæð áhrif á félagsfærni þeirra við átta ára aldur.

Solheim, Wichstrøm, Belsky og Berg-Nielsen (2013) gerðu sambærilega rannsókn í Nor- egi og gerðar höfðu verið í Bandaríkjunum (NICHD Early Child Care Research Network, 2003, 2006) um áhrif leikskóladvalar ungra barna á félags- og tilfinningaþroska. Niður- stöður voru um margt ólíkar niðurstöðum bandarísku rannsóknanna þar sem ekki kom fram fylgni á milli langrar dvalar ungra barna í fjölmönnum hópum annars vegar og minni félagsþroska og meiri óhlýðni og árásarhneigðar við fjögurra og hálfis árs aldur hins vegar. Rannsakendur draga þá ályktun að þar geti lengra fæðingarorlof norskra foreldra, níu mánuðir á launum, haft mikið að segja. Niðurstæða þeirra er sú að „neikvæðar afleiðingar langrar samfelldrar leikskóladvalar, sem fram hafa komið í fyrri alþjóðlegum rannsóknum, komu ekki fram í þessari rannsókn“ (Solheim o.fl., 2013, bls. 1712).

Ahnert og Lamb (2011) hafa gert rannsóknir sem tengja má síðara sjónarhorninu; að leik- skólamenntun efli félagslega hæfni og getu barna til náms á seinni skólastigum og sé hluti af ævilöngu námi þeirra. Þau halda því fram að nýrri rannsóknir á áhrifum dvalar á börn, sem eru í mjög góðum leikskólum, veiti þeim aukin tækifæri til félagslegra samskipta við önnur börn og fullorðna og opni þannig nýjan heim fyrir börnunum. Jákvæð reynsla í leik- skóla stuðli að námstækifærum síðar meir og að börn eigi betur með að aðlagast reglum og leysa deilur á uppbyggilegan hátt. Til að raungera þetta megi barnafjöldi á deildum og á hvern leikskólakennara ekki að vera of mikill og starfsfólkið þarf að vera vel menntað, vel launað og hátt metið í þjóðfélaginu. Ef meta á áhrif leikskóladvalar á ung börn þurfi að taka alla þætti til greina sem hafi áhrif á lífsaðstæður barna. Örugg tengsl við foreldra og þjóðfélagsleg og fjárhagsleg stæða þeirra hafi til dæmis meiri áhrif á hegðunarefleiða barna en dvöl í leikskóla (Lamb, 2004). Samkvæmt niðurstöðum samanburðarrannsókna- ar, sem framkvæmd var í Berlín (Ahnert, Rickert og Lamb, 2000), breyttu foreldrar (oftast mæður) og börn sínum daglega rytma og samskiptavenjum þegar barnið byrjaði í leik- skólanum sem dró úr álagsáhrifum dvalarinnar. Það kom þó á óvart að tíðni samskipta milli fullorðinna og leikskólabarna voru svipuð og ef foreldrar voru eingöngu heima með börnum sínum. Foreldrar leikskólabarna áttu því í miklum samskiptum við börn sín kvölds og morgna utan leikskóladvalartíma (Ahnert og Lamb, 2003; NICHD, 2003).

Í breskri langtímarannsókn á gæðum í leikskólastarfi (Sylva, Melhuish, Sammons, Siraj- Blatchford og Taggart, 2011; Sylva, Melhuish, Sammons, Siraj-Blatchford og Taggart

ásamt Toth, Smees, Draghici, Mayo og Welcomme, 2012) voru skoðuð langtímaáhrif dvalar og fjölskylduaðstæðna barna á námsgetu og félagslega hegðun þeirra til fjórtán ára aldurs. Þar kom í ljós að gæði leikskólastarfs hafa mikið að segja hvað báða þessa þætti varðar. Raunar er að mörgu leyti ekki betra fyrir börnin að sækja ófullnægjandi leikskóla en að vera heima samkvæmt niðurstöðunum (Sylva o.fl., 2011; Sylva o.fl., 2012). Í skilgreiningu rannsakendanna á gæðum felst m.a. að í leikskólanum vinna margir kennarar, litið er á foreldra sem samstarfsaðila um menntun barnanna, börn með sérþarfir fá mikinn stuðning, jafnvægi ríkir í áherslum á námslega og félagslega þætti og heilsugæsla, menntun og umönnun er samþætt. Þessar rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að markviss forysta, þróun og stöðugleiki í starfsmannahópnum hefur jákvæð áhrif á nám og þroska barna (Sylva o.fl., 2004) og að gæði aukast með aukinni hæfni stjórnandans (Siraj-Blatchford og Manni, 2007).

Kortisólmagn hjá börnum sem hefja leikskólagöngu

Ástæða er til gera grein fyrir nokkrum rannsóknum á mælingum kortisóls hjá leikskólabörnum þar sem þær hafa verið tengdar umræðunni um leikskólabyrjun og langa dvöl yngstu barnanna í leikskólum hér á landi. Magn kortisóls í líkamanum er í auknum mæli notað sem vísbending um álag og streitu, bæði hjá börnum og fullorðnum. Ákveðnar rannsóknarniðurstöður hafa gefið til kynna að ung börn, sem eru í leikskóla eða dvelja utan heimilis, hafi meira magn af efninu í líkamanum og séu því undir meira álagi en börn sem eru heima hjá foreldrum sínum.

Í umfangsmiklum mælingum á kortisólmagni 15 mánaða þýskra barna við upphaf leikskólagöngu kom fram að álag jókst hjá þeim. Magn kortisóls hækkaði fyrsta klukkutímann í að minnsta kosti níu daga eftir að foreldrið (oftast móðirin) yfirgaf barnið og varð 75 til 100% hærra en þegar barnið var heima. Fimm mánuðum seinna hafði leikskóladvölin enn þau áhrif að magn kortisóls hjá börnunum var hærra þar en heima. Magn kortisóls hjá börnum, sem höfðu myndað örugg tengsl við foreldri/móður, var umtalsvert lægra á meðan á aðlögun stóð en hjá börnum sem höfðu myndað óörugg tengsl. Hjá þeim börnum sem myndað höfðu örugg tengsl þá héldust þau eða styrktust þegar móðirin gaf sér lengri tíma í aðlögunina (Ahnert, Gunnar, Lamb og Barthel, 2004).

Önnur mæling meðal tveggja og þriggja ára kanadískra barna sýndi að hjá þeim sem byrjuðu mjög ung í leikskóla (8 mánaða eða yngri) var magnið hærra heima en í leikskólanum en hjá börnum sem byrjuðu síðar (eftir 16 mánaða aldur) mældist það hærra í leikskólanum en heima. Uppsöfnuð reynsla barnanna virtist því hafa áhrif á kortisólmagn þeirra (Ouellet-Morin, Tremblay, Boivin, Meaney, Kramer og Côte, 2010).

Mæling á magni kortisóls þriggja til fimm ára ástralskra barna sýndi að magn í líkama þeirra sem voru í mjög góðum leikskólum (sjá meðal annars skilgreiningu Sylva o.fl., 2011, 2012) lækkaði er á daginn leið en hækkaði á hinn bóginn hjá börnum sem sóttu ófullnægjandi leikskóla (Sims, Guilfoyle og Parry, 2006). Sambærilegar niðurstöður komu fram hjá Badanes, Dmitrieva og Watamura (2012) sem mældu kortisólmagn hjá tveggja til fimm ára bandarískum leikskólabörnum. Kortisólmagn hjá börnum, sem höfðu myndað örugg tengsl við foreldri/móður og voru einnig í góðum tengslum við kennara sína, lækkaði yfir daginn og þau nýttu jafnframt veru sína í góðum leikskólum mjög vel.

Af ofansögðu er ljóst að ef meta á áhrif leikskóladvalar á ung börn þarf að horfa til allra þeirra þátta sem hafa áhrif á lífsaðstæður þeirra. Það hefur áhrif hvort börnin hafa myndað örugg eða óörugg tengsl við foreldra sína, hvernig foreldrar og leikskólakennarar standa að aðlögun barna, hver er þjóðfélagsleg og fjárhagsleg staða foreldra, vinnuálag í íslenskum fjölskyldum svo og hvort börnin dvelja í góðum eða ófullnægjandi leikskólum.

Niðurstöður norsku rannsóknarinnar

Eins og fram hefur komið var spurningakönnunin, þar á meðal þær spurningar sem þessi grein byggir á, framkvæmd meðal norskra leikskólakennara og leiðbeinenda áður en hún var lögð fyrir hér á landi. Þeir fræðimenn sem skrifað hafa um þá þætti norsku rannsóknarinnar sem fjallað er um í þessari grein eru fyrst og fremst Løvgren og Gulbrandsen (2012). Eins fram kemur frammar eru um 80% eins og tveggja ára norskra barna og 96,6% þriggja til fimm ára barna í leikskólum og 90% barna í öllum aldurshópum dvaldi 8 tíma eða lengur í norskum leikskólum árið 2012. Fram kemur í grein Løvgren og Gulbrandsen (2012) að í vali norskra foreldra á leikskólabyrjun og dvalartíma barna sýni þeir vilja sinn svo og hafi allir norskir stjórn málaflakkar verið sammála um fjölgun leikskóla og dvöl yngstu barnanna þar. Niðurstöður rannsóknarinnar (*Tafla 6*) sýni á hinn bóginn að starfsfólk leikskóla hafi meiri efasemdir um fyrirkomulagið en foreldrar og stjórn málamenn. Mikill meirihluti þess lýsti þeirri skoðun að börn ættu að byrja seinna í leikskólum og dvelja styttri tíma. Løvgren og Gulbrandsen (2012) draga þá ályktun að skoðun starfsfólksins geti verið byggð á persónulegum viðhorfum þeirra sem foreldrar og borgarar en aukning á fjölda ungra barna í leikskólum hafi jafnframt heilmikil áhrif á vinnuaðstæður þeirra í leikskólunum.

Niðurstöður norsku rannsóknarinnar við spurningunni um hvenær æskilegt sé að börn byrji í leikskólum voru eftirfarandi (*Tafla 6*):

Tafla 6 Hvenær telur þú að barn eigi að byrja í leikskóla?	
Aldur barns	Leikskólakennarar og leiðbeinendur
Yngri en 12 mánaða	5,3%
12 mánaða eða yngri	47%
18 mánaða	25%
2 ára	17%
3 ára	4%

Þegar spurt var hversu lengi börn ættu að dvelja í leikskólum voru niðurstöðurnar eftirfarandi (*Tafla 7*):

Tafla 7 Hversu lengi finnst þér að barn eigi að dvelja daglega í leikskóla?	
	Leikskólakennarar og leiðbeinendur
Börn yngri en 3 ára	
Skemur en 4 tíma	2%
4–6 tímar	52%
6–8 tímar	42%
8 tíma eða lengur	0,4%
Börn eldri en 3 ára	
Skemur en 4 tíma	
4–6 tímar	16%
6–8 tímar	79%
8 tímar eða lengur	2%

Töluverður munur er því á skoðunum norska starfsfólksins á upphafi leikskóladvalar og lengd dvalartíma og því sem birtist í vali foreldra fyrir börn sín (Løvgren og Gulbrandsen, 2012).

Áhugavert er að bera saman viðhorf íslenskra leikskólakennara og leiðbeinenda til þess á hvaða aldri sé æskilegast fyrir börn að byrja í leikskóla og hversu langan tíma þau eigi að dvelja í leikskólum á degi hverjum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir íslensku rannsókninni, rannsóknarspurningum, aðferð og niðurstöðum. Í samantekt og umræðum í lokin verða niðurstöður íslensku og norsku rannsókna bornar saman og ræddar.

Rannsóknarspurningar

Ekki er algengt að bera saman viðhorf og skoðanir leikskólakennara og leiðbeinenda í leikskólum og er þessi rannsókn sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Aldur barna við upphaf leikskólagöngu og lengd dvalartíma leikskólabarna hefur nokkuð verið til umræðu í þjóðfélaginu undanfarið og því er áhugavert að fá vitneskju um viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til þeirra þátta.

Eftirfarandi spurningum verður svarað í þessari grein:

- Er munur á viðhorfum leikskólakennara og leiðbeinenda til þess hvenær börn hefja leikskóladvöl?
- Er munur á viðhorfum leikskólakennara og leiðbeinenda til þess hversu lengi börn dvelja í leikskólum daglega?

Aðferð

Greinin byggir á tveimur spurningum í spurningakönnun sem send var í alla leikskóla landsins veturinn 2011–2012. Áður hafði sambærileg spurningakönnun verið framkvæmd meðal norskra leikskólakennara og leiðbeinenda. Rannsóknin er þannig samvinnuverkefni milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (RannUng), Háskólans í Volda og Háskólans í Ósló.

Þátttakendur

Sent var bréf til allra leikskólastjóra landsins í maí 2011 og þeir beðnir um að velja einn leikskólakennara og einn leiðbeinanda af hverri deild leikskólans til að svara spurningalistunum. Þýðið var því allir leikskólakennarar og leiðbeinendur í leikskólum og úrtakið einn leikskólakennari og einn leiðbeinandi á leikskóladeildum um land allt, 860 leikskólakennarar og 860 leiðbeinendur. Alls svöruðu 904 þátttakendur spurningakönnuninni, 512 leikskólakennarar, eða um 60%, og 392 leiðbeinendur, eða 45,5%. Þátttakendur fengu ekki greitt fyrir þátttöku sína í rannsókninni. Rannsóknin er byggð á samanburði á svörum leikskólakennara og leiðbeinenda. Í *Töflu 8* er gerð grein fyrir þátttakendum og bakgrunnsbreytum.

Mælitæki

Lagðir voru fyrir tveir spurningalistar, annar fyrir leikskólakennara og hinn fyrir leiðbeinendur. Listarnir voru þeir sömu og notaðir voru í norsku rannsókninni (Løvgren og Gulbrandsen, 2012). Þeir voru þýddir, forprófaðir og staðfærðir. Þeir starfsmenn, sem ekki höfðu menntun leikskólakennara, svöruðu listanum fyrir leiðbeinendur, einnig þeir sem höfðu aðra háskólamenntun.

Spurningalistarnir voru eins fyrir utan nokkra bakgrunnsþætti. Spurningar voru alls þrjátíu og voru þær sem fjallað er um hér númer 16a og 16b:

16a) Hvenær telur þú að barn eigi að byrja í leikskóla?

Svarmöguleikar: 6 mánaða, 9 mánaða, 12 mánaða, 16 mánaða, 2 ára, 3 ára, eldri/aldrei.

16b) Hversu lengi finnst þér að barn *yngra en þriggja ára* eigi að dvelja daglega í leikskóla? Hversu lengi finnst þér að barn *eldra en þriggja ára* eigi að dvelja daglega í leikskóla?

Svarmöguleikar: Alls ekki neitt, minna en 4 tíma, 4–6 tíma, 6–8 tíma, 8 tíma eða lengur.

Tafla 8 Bakgrunnsbreytur þátttakenda (N=904)		
	Leikskólakennarar (N=512)	Leiðbeinendur
Aldur (ár) Meðalaldur ± staðalfrávik	41,3 ± 9,3	36,9 ± 11,6
Kyn Kona Karl	Fjöldi (%) 502 (98) 10 (2)	Fjöldi (%) 377 (96) 15 (4)
Menntun Leikskólakennari Leikskólakennari (B.Ed.) Grunnskólapróf Stúdentspróf/ iðnmenntun Háskólamenntun	143 (28) 367 (72) - - -	-* - 244 (62) 82 (21) 66 (17)
Uppeldismenntun sem nýtist í starfi	-	115 (29)
Starfshlutfall Minna en 80% 80–99% 100%	42 (8) 158 (31) 311 (61)	66 (17) 80 (21) 244 (63)
Starf í leikskóla Aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjóri Leikskólakennari Leikskólakennari m/sérkennslu Sérkennslustjóri Verkefnastjóri Annað Leiðbeinandi m/deildarstjórnun Leiðbeinandi á deild Leiðbeinandi m/sérkennslu	31 (6) 347 (68) 86 (17) 15 (3) 19 (4) 7 (1) 7 (1) - - -	- - - - - - 17 (4) 30 (8) 313 (80) 32 (8)

* Þar sem bandstrik er í töflu hefur viðkomandi hópur ekki fengið spurninguna.

Framkvæmd

Leikskólastjórar fengu sent lykilorð sem veitti aðgang að spurningarlistunum á netinu sem þeir svo komu áfram til þeirra sem þeir völdu til að taka þátt í rannsókninni. Skólastjórnarnir fengu send tvö áminningarbréf og síðan var hringt í þá og þeir beðnir að ýta á eftir sínu fólki til að taka þátt í rannsókninni. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar þó engar persónulegar upplýsingar væru skráðar.

Spurningalistunum var svarað á tölvu og óskað var eftir því við leikskólastjóra að þátttakendur fengju næði til að svara listanum en það tók um 40 mínútur. Svörin voru meðhöndl-

uð sem flokkabreytur og svarmöguleikar sameinaðir í þrjú flokka. Notað var kí-kvaðrat próf til að meta hvort um marktækan mun væri að ræða í svörum milli leikskólakennara og leiðbeinenda. Marktæktarmörkin $P=0,05$ voru notuð við alla tölfræðilega úrvinnslu. Greining gagna var framkvæmd með tölfræðiforritinu SPSS (útgáfa 21).

Takmarkanir rannsóknarinnar felast í því hvernig spurt var um dvalartíma barna í leikskólum. Þátttakendur voru beðnir um að svara hve lengi börn ættu að dvelja daglega í leikskóla og voru svarmöguleikarnir: Alls ekki neitt, minna en 4 tíma, 4–6 tíma, 6–8 tíma og 8 tíma eða lengur. Raunhæfara hefði verið að miða við 4–5 tíma og 6–8 tíma. Það var hins vegar ákveðið að hafa svarmöguleikana þá sömu og í upprunalega norska spurningalistanum til þess að möguleiki væri að bera saman niðurstöður á milli landa. Við úrvinnslu gagna var gengið út frá því að þeir sem merktu við svarmöguleika þrjú (4–6 tíma) telji að sex tímar séu hámarkstími dvalar og þeir sem merktu við svarmöguleika fjögur (6–8 tíma) telji hæfilegan dvalartíma vera einhvers staðar á því bili.

Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir viðhorfum leikskólakennaranna og leiðbeinendanna til þess hvenær þeir telja æskilegt fyrir börn að byrja í leikskólum og hvað þeir telja hæfilega langa dvöl fyrir börn. Dreginn er fram sá munur sem var á hópunum og jafnframt það sem var sameiginlegt með þeim.

Viðhorf til leikskólabyrjunar

Eins og fram kemur í *Töflu 9* var ekki marktækur munur á svörum þátttakenda við spurningunni um hvenær þeir telja að barn eigi að byrja í leikskóla. Af því má álykta að viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda séu mjög lík hvað þetta varðar. Ríflega 60% svarenda taldi að börn ættu að hefja leikskólagöngu fyrir tveggja ára aldur og þriðjungur að það ætti að vera um eins árs aldur eða fyrr. Flestir þátttakendur í báðum hópum svöruðu að börn ættu að hefja leikskólagöngu sína um tveggja ára aldur, eða 36,7% leikskólakennara og 36,5% leiðbeinenda. Tæplega 32% leikskólakennara og 29% leiðbeinenda töldu að börn ættu að byrja í leikskóla 12 mánaða eða yngri og 29,7% leikskólakennara og 33,4% leiðbeinenda að börn ættu að byrja 16 mánaða. Það viðhorf að börn eigi að byrja í leikskóla tveggja ára eða yngri má greina í svörum nær allra þátttakenda. Í *Töflu 9* má sjá samanburð á svörum leikskólakennara og leiðbeinenda um þennan þátt.

Tafla 9 Hvenær telur þú að barn eigi að byrja í leikskóla?			
Aldur barns	Leikskólakennarar (N=512)	Leiðbeinendur (N=392)	P-gildi*
	N (%)	N (%)	
6 mánaða	6 (1,2)	2 (0,5)	0,767
9 mánaða	19 (3,7)	13 (3,3)	
12 mánaða	137 (26,8)	98 (25,0)	
16 mánaða	152 (29,7)	131 (33,4)	
2 ára	188 (36,7)	143 (36,5)	
3 ára	9 (1,8)	4 (1,0)	
Eldri/aldrei	1 (0,2)	1 (0,3)	

* Kí-kvaðrat.

Viðhorf til dvalartíma barna í leikskólum

Eins og fram kemur í *Töflu 10* taldi meirihluti þátttakenda æskilegt að dvöl yngstu barnanna væri ekki lengri en 4–6 stundir daglega. Um 77% leikskólakennara og 84% leiðbeinenda töldu að dagleg dvöl barna yngri en þriggja ára ætti að vera 4–6 tímar eða skemmri. Marktækur munur er á svörum hópanna við þessum lið spurningarinnar þar sem nokkuð fleiri leiðbeinendur en leikskólakennarar voru á þessari skoðun. Að sama skapi töldu fleiri leikskólakennarar (23%) en leiðbeinendur (16%) að dvöl þessa aldurshóps ætti að vera 6–8 tímar eða lengri.

Langflestir þátttakendur í báðum hópum töldu að börn eldri en þriggja ára ættu að dvelja 6–8 tíma eða lengur í leikskólum eða 86% leikskólakennara og 84% leiðbeinenda. Töluvert minni hópur eða 14% leikskólakennara og 16% leiðbeinenda töldu að börn eldri en þriggja ára ættu að dvelja styttri tíma í leikskólum, 4–6 tíma eða skemur. Í *Töflu 10* má sjá samanburð á svörum leikskólakennara og leiðbeinenda um dvalartíma barna í leikskólum.

Tafla 10 Hversu lengi finnst þér að barn eigi að dvelja daglega í leikskóla?			
	Leikskólakennarar (N= 512)	Leiðbeinendur (N= 392)	P-gildi*
	N (%)	N (%)	
Börn yngri en 3 ára			0,027**
Skemur en 4 tíma	11 (2,1)	18 (4,6)	
4–6 tímar	385 (75,2)	310 (79,1)	
6–8 tímar	115 (22,5)	63 (16,1)	
8 tíma eða lengur	1 (0,2)	1 (0,3)	
Börn eldri en 3 ára			
Skemur en 4 tíma	2 (0,4)	2 (0,4)	
4–6 tímar	70 (13,7)	70 (13,7)	
6–8 tímar	433 (84,6)	433 (84,6)	
8 tímar eða lengur	7 (1,4)	7 (1,4)	

* Kí-kvaðrat. ** Tölfræðilega marktækur munur á svörum.

Samantekt og umræður

Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til leikskólabyrjunar barna

Um þriðjungur íslensku þátttakendanna í rannsókninni, taldi að börn ættu að hefja leikskólagöngu um eins árs aldur eða fyrr og nánast allir þátttakendur að þau ættu að hefja hana tveggja ára eða yngri. Óljóst er hver er vilji íslenskra foreldra í þessum efnum þar sem hann hefur ekki verið rannsakaður en þó má benda á að árið 2012 dvöldu 32% eins árs barna og 95% tveggja ára barna í leikskólum. Hinn íslenski raunveruleiki og viðhorf starfsfólks virðist því fara að mestu saman að þessu leyti. Athygli er þó vakin á að fleiri eins árs börn geta dvalið utan heimilis, meðal annars hjá dagmæðrum. Þessar tölur segja því ekki til um vilja eða þörf foreldra fyrir leikskóladvöl yngstu barnanna. Til samanburðar kom fram í niðurstöðum norsku spurningakönnunarinnar að um 52% starfsfólks óháð menntun taldi að börn ættu að byrja eins árs eða fyrr í leikskóla, um 25% töldu að þau ættu að byrja eins og hálf árs og um 21% að þau ættu að byrja tveggja ára eða eldri. Þegar íslensku og norsku svörin eru borin saman sést að töluvert fleiri norskir þátttakendur telja að börn eigi að hefja leikskólagöngu eins árs eða fyrr, eða um 52%, en einungis um þriðjungur íslensku þátttakendanna var á þeirri skoðun.

Því sjónarmiði að það geti beinlínis verið hættulegt fyrir yngstu börnin að dvelja lengi daglega í leikskólum vegna áhrifa sem slíkt gæti haft á tengslamyndun foreldra og barna hefur töluvert verið haldið á lofti á undanförunum misserum (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Hluti viðmælenda í rannsókn Örnú H. Jónsdóttur (2012) var á þessari skoðun. Jafnframt taldi starfsfólk leikskólanna og fleiri hagsmunaaðilar að ef fæðingarorlof væri lengra myndu börn hefja leikskólagöngu síðar á ævinni og komið væri betur til móts við barnafjölskyldur í þjóðfélaginu.

Athygli vekur að ekki kom fram marktækur munur á svörum leikskólakennara og leiðbeinenda um upphaf leikskólagöngu barnanna. Fyrirfram hefði mátt ætla að leikskólakennarar væru hlynntari því að börn byrjuðu yngri í leikskólum vegna þeirrar menntunar og náms sem fram fer á þessum fyrstu æviárum og að þeir teldu ávinninginn meiri en ókostina líkt og kemur fram í niðurstöðum ýmissa erlendra rannsókna (m.a. Solheim o.fl., 2013; Sylva o.fl., 2011, 2012). Hugsanleg skýring gæti verið að þeir telji að sú þjónusta sem leikskólinn er fyrir vinnandi foreldra fari ekki saman við það starf sem ákjósanlegt er á fyrsta skólastigi í menntakerfinu (sjá Örnú H. Jónsdóttur, 2012).

Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til dvalartíma barna

Um 77% leikskólakennara og 84% leiðbeinenda töldu að börn yngri en þriggja ára ættu að dvelja 4–6 tíma eða skemur í leikskólum og er marktækur munur á svörum hópanna þó hann sé ekki mikill. Að sama skapi töldu fleiri leikskólakennarar (23%) en leiðbeinendur (16%) að dvöl þessa aldurshóps ætti að vera 6–8 tímar eða lengri. Þegar svör leikskólakennara og leiðbeinenda eru borin saman við keyptan dvalartíma í íslenskum leikskólum kemur fram að þar er mikill munur á. Þegar sá dvalartími er skoðaður kemur í ljós að 88,5% barna undir þriggja ára aldri dvelur sjö tíma eða lengur í leikskólum (Hagstofa Íslands, 2013). Þegar svör íslensku þátttakendanna eru borin saman við svör norskra þátttakenda sést að 54% norska starfsfólksins telur að dvalartími barna yngri en þriggja ára eigi að vera 4–6 tímar eða skemmri. Hlutfall þess starfsfólks sem telur að dvalartíminn eigi að vera 6–8 tímar eða lengri er 42,4%. Mun fleiri íslenskir þátttakendur en norskir töldu því að börn undir þriggja ára aldri ættu að dvelja 4–6 tíma eða skemur í leikskólum og mun fleiri norskir þátttakendur að þau ættu að dvelja 6–8 tíma.

Langflestir íslensku þátttakendanna í báðum hópum töldu að börn eldri en þriggja ára ættu að dvelja 6–8 tíma eða lengur í leikskólum eða um 85%. Mun fámennari hópur eða 14% leikskólakennara og 16% leiðbeinenda töldu að börn eldri en þriggja ára ættu að dvelja styttri tíma í leikskólum, eða 4–6 tíma eða skemur. Flest norskt starfsfólk, eða 81%, taldi að börn á aldrinum þriggja til sex ára ættu að dvelja 6–8 tíma eða lengur í leikskólum og 16% að þau ættu að dvelja 4–6 tíma. Þarna var því munur meiri samhliðum í svörum norsku og íslensku þátttakendanna.

Töluverður munur er á skoðunum bæði norska og íslenska starfsfólksins á aldri barna við upphaf leikskólagöngu og á lengd dvalartíma ungra barna annars vegar og því sem birtist í vali foreldra fyrir ung börn sín í báðum löndum hins vegar. Um ástæður þessa er ekki hægt að fullyrða en margt getur komið þar til ef horft er til annarra fyrirbyggjandi rannsókna og var nokkrum hugsanlegum skýringum velt upp í umfjöllun um fyrri spurninguna. Við þá umfjöllun má bæta að rök leikskólakennaranna fyrir styttri dvalartíma tengjast bæði aðstæðum í leikskólum og lengd þess tíma sem foreldrar og börn verja saman. Ef horft er til aðstæðna í leikskólum nefna leikskólakennarar að dvöl í allt of fjölmönnum barnahópum valdi mikilli streitu og að börn séu útkeyrð í lok dags (Arna H. Jónsdóttir, 2012; Johansen, 2009). Løvgren og Gulbrandsen (2012) telja að afstaða starfsfólks geti einnig orsakast af því að með fleiri ungum börnum og lengri dvalartíma þeirra breytist vinnuaðstæður starfsfólksins og álag verði mun meira. Við þær aðstæður er mikið álag á starfsfólkið allan dag-

inn í stað þess að álagið minnki smám saman eftir því sem á daginn líður. Starfsfólk getur einnig lagst gegn breytingum ef því finnst vinnustaðurinn vanbúinn að takast á við þær eða að það hafi ekki nægilega góða menntun og hæfni til að takast á við breytingarnar.

Fram kom í rannsókn Johansen (2009) að rök leikskólakennara fyrir styttri dvalartíma barna í leikskólum tengist fjölskyldunni með þeim hætti að þeir telja að börn eigi almennt að vera meira með foreldrum sínum og virðist sem þetta viðhorf sé óháð getu fjölskyldna til að byggja upp örugg tengsl við börn sín eða mæta þörfum þeirra. Johansen (2009) telur að sjónarmið starfsfólks megi tengja þroskasálfræðilegum áherslum og tengslakenn-ingum, en jafnframt hugmyndum um hina góðu bernsku (n. *den gode barndom*) þar sem horft sé á heimilið sem himnaríki í hörðum heimi (Johansen, 2009). Hér er einnig hægt að velta fyrir sér hvort mishröðun (Sigrún Júlíusdóttir, 2001) geti verið að verki á milli ytri þátta, eins og langs vinnutíma og þröngs fjárhags foreldra, og innri þátta, eins og gilda leikskólakennara um réttindi ungra barna og hvernig þeir sjá fyrir sér æskilega bernsku.

Lítil marktækur munur kom fram á svörum leikskólakennara og leiðbeinenda við spurningunni um æskilegan dvalartíma barna. Eins og fram kom í niðurstöðum Örnú H. Jónsdóttur (2012) höfðu nánast allir þeir aðilar er að leikskólanum koma þá skoðun að æskilegt væri að vinnutími foreldra væri styttri, þar með væri dvalartími barnanna skemmri og foreldrar og börn gætu varið meiri tíma saman. Þessi sýn um hina góðu bernsku og aðgerðir sem styðja við hana virðist því sameiginleg þeim sem að leikskólavettvanginum koma. Velta má því fyrir sér hvort þessi sýn ráði meiru um samhljóm í svörum starfsfólks en menntun þeirra.

Lokaorð

Markmiðið með þessari rannsókn var að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda gagnvart leikskólabyrjun og lengd dvalartíma barna, meðal annars vegna þeirrar umræðu sem verið hefur undanfarið hér á landi um málefni yngstu leikskólubarnanna. Fram kemur í niðurstöðum að svör leikskólakennara og leiðbeinenda við spurningum um hvenær æskilegt sé að hefja leikskólagöngu og hvaða tíma börn eigi að dvelja í leikskólum eru mjög sambærileg. Niðurstöðurnar eru túlkaðar á grundvelli rannsókna um áhrif leikskólavalar á ung börn og með hliðsjón af sambærilegum niðurstöðum norskrar rannsóknar. Því er velt upp hvort sameiginleg sýn leikskólakennara og leiðbeinenda á hina góðu bernsku ráði fremur för í afstöðu þeirra til spurninganna en menntun þeirra.

Veruleikinn er sá að langflest börn í öllum aldurshópum dvelja sjö tíma eða lengur í leikskólum og við þær aðstæður vinna bæði leikskólakennarar og leiðbeinendur. Því væri heilladrýgra að beina sjónum fremur að þeim þáttum sem taldir eru hafa áhrif á gæði, fagmennsku og lífsaðstæður barna heldur en að foreldrar sitji uppi með samviskubit yfir því að börnin þeirra dvelji of lengi í leikskólanum (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009). Erlendar langtímarannsóknir benda til þess að dvöl í mjög góðum leikskólum geti aukið bæði félags- og vitsmunalegan þroska og getu til náms, ekki síst hjá börnum sem koma úr erfiðum félagslegum aðstæðum (Sylva o.fl., 2011; Sylva o.fl., 2012; Vandell o.fl., 2010).

Viðmið um góða leikskóla eru meðal annars að þar starfa margir leikskólakennarar, barnahópar eru ekki of fjölmennir, samstarf við foreldra um nám og þroska barnanna er gott, lögð er áhersla á bæði nám og félagslegar aðstæður barnanna og forysta er markviss. Einnig hefur komið fram að magn kortisóls hjá börnum, sem dvöldu í mjög góðum leikskólum, var mun minna en hjá börnum sem dvöldu í ófullnægjandi leikskólum (Sims, Guilfoyle og Parry, 2006). Vitað er að leikskólakennarar eru einungis 39% af starfsmönnum leikskóla, þar með eru taldir stjórnendur og þeir sem starfa við sérkennslu. Ef halda á uppi gæðastarfi í íslenskum leikskólum er forgangsatríði að fjölga hæfum leikskólakennurum og meta að verðleikum starf þeirra í þjóðfélaginu.

Heimildir

Ahnert, L. og Lamb, M. E. (2003). Shared care: Establishing a balance between home and child care settings. *Child Development*, 74(4), 1044–1049.

Ahnert, L. og Lamb, M. E. (2011). Child care and its impact on young children (2–5) (endurskoðuð útgáfa). Í R. E. Tremblay, M. Boivin, R. DeV. Peters og R. G. Barr (ritstjórar), *Encyclopedia on Early Childhood Development* (bls. 1–6) [netútgáfa]. Montreal, Quebec: Centre of Excellence for Early Childhood Development. Sótt af <http://www.child-encyclopedia.com/documents/Ahnert-LambANGxp2.pdf>

Ahnert, L., Gunnar, M. R., Lamb, M. E. og Barthel, M. (2004). Transition to child care: Associations with infant-mother attachment, infant negative emotion, and cortisol elevations. *Child Development*, 75(3), 639–650.

Ahnert, L., Rickert, H. og Lamb, M. E. (2000). Shared caregiving: Comparison between home and child care settings. *Developmental Psychology*, 36(3), 339–351.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla (óbirt doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Arna H. Jónsdóttir. (2012). *Professional roles, leadership and identities of Icelandic pre-school teachers: Perceptions of stakeholders* (óbirt doktorsritgerð). Institute of Education, University of London. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13199>

Badanes, L. S., Dmitrieva, J. og Watamura, S. E. (2012). Understanding cortisol reactivity across the day at child care: The potential buffering role of secure attachments to caregivers. *Early Child Research Quarterly*, 27(1), 156–165.

Belsky, J. (1986). Infant day care: A cause for concern? *Zero to Three*, 6, 1–7.

Belsky, J. (1988). The “effects” of infant day care reconsidered. *Early Childhood Research Quarterly*, 3, 235–272.

Belsky, J., Vandell, D., Burchinal, M., Clarke-Stewart, K. A., McCartney, K. og Owen, M. (2007). Are there long-term effects of early child care? *Child Development*, 78, 681–701.

Bohlin, G., Hagekull, B. og Andersson, K. (2005). Behavioral inhibition as a precursor of peer social competence in early school age: The interplay with attachment and non-parental care. *Journal of Developmental Psychology*, 51, 1–19.

Campbell, J. J., Lamb, M. E. og Hwang, C. P. (2000). Early child-care experiences and children’s social competence between 1½ and 15 years of age. *Applied Developmental Science*, 4, 166–176.

Gullöv, E. (2006). *Börns städer: Om börns egna städer og vuxnas städer till barn. Vår-löse*: Billesö og Baltzer.

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Atvinnuþáttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003–2013. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Vinumarkadur>

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998–2012. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Skolamal/Leikskolar>

Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Börn í leikskólum eftir aldri, kyni og landsvæðum 1998–2012. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>

Hagstofa Íslands. (2012a). Skráðum nemendum í framhalds- og háskólum fjölgar um 3,1% frá fyrra ári. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=8558>

Hagstofa Íslands. (2012b). Leikskólabörnum fjölgar en leikskólum fækkar. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Pages/95?NewsID=8662>

Hagstofa Íslands. (2013). Rúmlega helmingur starfsmanna leikskóla með uppeldis-menntun. Sótt af <http://www.hagstofan.is/Pages/95?NewsID=9973>

Johansen, B. (2009). Førskolelærere om barns oppholdstid i barnehagen. *Nordisk Barnehageforskning*, 2(3), 99–113.

Kolbeinn Stefánsson. (2008). *Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar*. Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://thjodmalastofnun.hi.is/is/thjodfelagsbreytingar>

Lamb, M. E. (2004). Socio-emotional development and early schooling: Experimental research. *Prospects*, 34(4), 401–409.

Langur vinnudagur hjá ungu barni (2013, 11. október). Kópavogur. Sótt 15. nóvember af <http://fotspor.is/?cat=16>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Løvgren, M. og Gulbrandsen, L. (2012). How early and how long? *Nordisk Barnehageforskning*, 5(7), 1–9.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

NICHD Early Child Care Research Network (2003). Does amount of time spent in child care predict socioemotional adjustment during the transition to kindergarten? *Child Development*, 74, 976–1005.

NICHD Early Child Care Research Network. (2006). Child care effect sizes for the NICHD study of early child care and youth development. *American Psychologist*, 61, 99–116.

Ouellet-Morin, I., Tremblay, R. E., Boivin, M., Meaney, M., Kramer, M. og Côté S. M. (2010). Diurnal cortisol secretion at home and in child care: A prospective study of 2-year-old toddlers. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 51(3), 295–303.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2012). Skólaskýrsla 2012. Sótt af http://issuu.com/samband/docs/sk_lask_rsla_2012/9?e=0

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf: Náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sims, M., Guilfoyle, A. og Parry, T. S. (2006). Children's cortisol levels and quality of child care provision. *Child: Care, Health and Development*, 32(4), 453–466.

Siraj-Blatchford, I. og Manni, L. (2007). *Effective leadership in the early years sector: The ELEYS study*. London: Institute of Education, University of London.

Solheim, E., Wichstrøm, L., Belsky, J. og Berg-Nielsen, T. S. (2013). Do time in child care and peer group exposure predict poor socioemotional adjustment in Norway? *Child Development*, 84(5), 1701–1715.

Statistisk sentralbyrå. (e.d.). Kindergartens. Sótt af <https://www.ssb.no/statistikkbanken/selecttable/hovedtabellHjem.asp?KortNavnWeb=barnehager&CMSSubjectArea=utdanninng&PLanguage=1&checked=true>

Statistisk sentralbyrå. (2013a). Barnehager, 2012, endelige tall: Barnehagesektoren er fortsatt i vekst. Sótt af <https://www.ssb.no/utdanning/statistikker/barnehager/aar-endelige>

Statistisk sentralbyrå. (2013b). Barnehager, 2012, endelige tall: Barn i barnehager, etter oppholdstid per uke og ulike aldersgrupper. Sótt af <http://www.ssb.no/utdanning/statistikker/barnehager/aar-endelige/2013-06-17?fane=tabell&sort=nummer&tabell=122721>

Sylva K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. (2004). *The effective provision of pre-school education (EPPE) project: Final report*. London: DfES/ Institute of Education, University of London.

Sylva, K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. (2011). Pre-school quality and educational outcomes at age 11: Low quality has little benefit. *Journal of Early Childhood Research*, 9(2), 109–124.

Sylva, K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. ásamt Toth, K., Smees, R., Draghici, D., Mayo, A. og Welcomme, W. (2012). *Effective pre-school, primary and secondary education 3–14 project (EPPSE 3–14): Final Report from the Key Stage 3 Phase: Influences on students' development from age 11–14*. London: Department for Education. Sótt af https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/184087/DFE-RR202.pdf

Sæunn Kjartansdóttur. (2009). *Árin sem enginn man*. Reykjavík: Mál og menning.

Vandell, D. L., Belsky, I. J., Burchinal, M., Steinberg, I. L. og Vandergrift, N. (2010). Do effects of early child care extend to age 15 years? Results from the NICHD study of early child care and youth development. *Child Development*, 81(3), 737–756.

Um höfunda

Arna H. Jónsdóttir (arnahj@hi.is) lauk doktorsprófi í menntunarfræðum frá Institute of Education, University of London. Hún er lektor á sviði leikskólafræði og menntastjórnunar og formaður námsbrautar um menntun ungra barna í leik- og grunnskólum. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að fagmennsku og forystu leikskólakennara og stjórnenda í leikskólum. Hún hefur umsjón með rannsókn á fagmennsku leikskólakennara á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng), er þátttakandi í rannsóknarverkefni fimm landa um samfellu í menntun barna (POET) og í rannsóknarverkefni á vegum Rannsóknarstofu um menntastjórnun, nýsköpun og mat um áhrif kreppu á skólastarf á öllum skólastigum.

Bryndís Gardarsdóttir (bryngar@hi.is) er lektor í leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast einkum að menntunarfræði ungra barna og hlutverki leikskólakennara í að skipuleggja og tengja leik og nám barna í leikskóla. Hún hefur tekið þátt í sameiginlegum rannsóknarverkefnum á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræðum

ungra barna (RannUng) um samfellu í námi barna, notkun námssagna í leikskólastarfi, tengsl leiks og náms og fagmennsku leikskólakennara.

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) er sviðsforseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og prófessor í menntunarfræðum. Hún hefur stundað rannsóknir í leik- og grunnskólum um árabíl og ritað fjölda fræðigreina og bóka um efnið. Hún stofnaði Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) árið 2007. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna, og nám og vellíðan barna í leikskólum. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum bæði sem rannsakandi og ráðgjafi. Hún situr í stjórn European Early Childhood Research Association.

Efnisorð

leikskólar – leikskólabyrjun – lengd dvalartíma – leikskólakennarar – leiðbeinendur

About the authors

Arna H. Jónsdóttir (arnahj@hi.is) completed her doctoral degree (Ed.D.) at the Institute of Education, University of London. She is an assistant professor in Early Childhood Education and Educational Leadership, and is a Department Chair in Early Childhood Education in pre- and primary schools. Her research has been mainly in the field of professionalism and leadership of preschool teachers and leaders in preschools. The author has led a research project on professionalism within The Centre for Research in Early Childhood Education; is participating in a five-country research project, Pedagogies of Educational Transitions (POET); and is also working on a research project within a Centre for Research in Educational Leadership, Innovation and Educational Evaluation on the effects of the financial crisis in Iceland on all school levels.

Bryndís Garðarsdóttir (bryngar@hi.is) is an assistant professor at the University of Iceland, School of Education. Her main research interests are in Early Childhood Education, including children's learning and the teacher's role in promoting play and learning; learning stories in preschool; and preschool teachers' professionalism. She has participated in several research projects conducted by the Centre for Research in Early Childhood Education.

Johanna Einarsdóttir (joein@hi.is) is the dean of the School of Education, University of Iceland and professor of Education. She established the Centre for Research in Early Childhood Education at the University of Iceland. She has conducted research on preschool and primary school level for many years and has published her research widely. Her professional interests include continuity and transition in children's learning, children's well-being and learning in preschool and research with children. Currently she is involved in several international research projects as a researcher and a consultant. She is on the board of trustees of the European Early Childhood Research Association.

Key words

preschools – preschool start – children's long day – preschool teachers – preschool assistants

Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma: Sjónarmið leikskólakennara
og leiðbeinenda



Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013).
Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma: Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinenda.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2013 – Rannsóknir og skólastarf.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf